

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2022, miðvikudaginn 12. janúar haldinn 397. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:33. Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi, Björg Fengel Garðabæ, Sigrún Edda Jónsdóttir varamaður fyrir Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B Andreassen fjármálastjóri ÍTR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á hugmyndum um nýja eða notaða stólalyftu í Skálafelli. Málið rætt og ákveðið að taka það aftur upp á næsta fundi.
Einar Kristján Stefánsson verkefnastjóri um uppbyggingu á skíðasvæðum sat fundinn undir þessum lið ásamt Páli Björgvini Guðmundssyni framkvæmdastjóra SSH og Hildigunni Hafsteinsdóttur lögfræðingi hjá SSH.
2. Fram fer kynning á drögum að samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
Nefndarmenn fagna framkomnum breytingum enda séu þær til þess fallnar að skýra ferla í kringum skíðasvæðin.
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur hjá SSH sátu fundinn undir þessum lið.
- kl. 09:59 víkur Ómar Einarsson af fundi.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 11. janúar 2021 um stöðuna í fjöllunum.

Fundi slitið kl. 10:15.

Diljá Ámundadóttir Zoega

Björg Fengel
Kristín María Thoroddsen
Halla Karí Hjaltested

Sigrún Edda Jónsdóttir
Ásgeir Sveinsson